



Ágæti viðtakandi

Endurmenntun Lbhí vill vekja athygli á nýju námskeiði á sviði skipulagsmála, námskeið sem veitir meistaraeiningar á háskólastigi og hefst í febrúar 2010.

Borgarskipulag og hönnun

Námskeiðinu er ætlað að sína fram á mikilvægi góðrar hönnunar í þéttbýli.

Helstu kenningar í borgarskipulagi og hönnun verða kynntar með dæmum. Sögulegar forsendur fyrir borgarhönnun ásamt tengslum borgarrýmis við sögu og menningu og þýðingu þess fyrir sjálfsmynd og rætur fólks. Fjallað er um kenningar sem sýna fram á hvað gott borgarform er, staðarkenningar og borgarhönnun, staðar-víddir. Fjallað er um borgarformfræði og hvernig nýta má borgarformfræðigreiningar til að ná fram auknum gæðum í borgarskipulagslausnum og hvernig rýmið er notað og hvaða þýðingu það hefur fyrir félagslegt samneyti fólks. Borgarskipulag og lýðheilsa er rædd. Þá verður fjallað um samspil borgarhönnunar og stjórnsýslunnar, myndun borgarstefnu og framkvæmd og ferli. Loks verður fjallað um skipulagsskilmála og leiðbeiningar til hönnuða.

Þeir nemendur sem sækja þetta námskeið hjá Endurmenntun Lbhí sækja sama námskeið og þeir nemendur sem skráðir eru í meistaranám í skipulagsfræðum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Nemandi sem uppfyllir öll skilyrði til próftöku sem og forkröfur um BS/BA próf verður gefinn kostur að sitja próf í lok námskeiðsraðar (2 klst).

Námsefni: Larice M. and Macdonald E. 2007: *The Urban Design Reader*. Edmund N. Bacon 1976: *Design of Cities*. Gordon Cullen 1971: *The concise townscape*, William H. Whyte 1980: *The social life of small urban spaces*, Urban Task Force 1999: *Towards an Urban Renaissance*.

Lesefni frá kennurum: Bjarki Jóhannesson 1992: *The Socio-cultural Role of City and Neighbourhood centres in Modern Society* (óútgefin doktorsritgerð). Oxford polytechnic, UK. Sigríður Kristjánsdóttir 2007: *Deciphering the Contemporary Urban Landscape of Reykjavík, Iceland; by applying the concepts and methods of Caniggia and Conzen* (óútgefin doktorsritgerð). University of Birmingham, UK.

Til stuðnings: Charles Jencks & Karl Kropf 2006: *Theories and manifestoes of contemporary architecture*. Simon Parker 2003: *Urban Theory and the Urban Experience: Encountering the City*. Jane Jacobs 1993: *The Death and Life of Great American Cities*. M.R.G. Conzen 2004: *Thinking about Urban Form: Papers on Urban Morphology, 1932-1998*.



Jóhannes S. Kjarval



Bjarki Jóhannesson



Sigríður Kristjánsdóttir

Kennarar: Jóhannes S. Kjarval arkitekt Dip. Urban Design, verkefnisstjóri hjá Reykjavíkurborg, Dr. Bjarki Jóhannesson skipulagsfræðingur, skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar og Dr. Sigríður Kristjánsdóttir lektor við LbhÍ.

Tími: Fös. 12. feb, kl. 13:00-17:00, lau. 13. feb. kl. 9:00-14:40, fös. 26. feb. kl. 13:00-17:00, lau. 27. feb. kl. 9:00-14:40 og fös. 5. mars kl. 13:00-17:00 (28 kennslustundir) í húsnæði LbhÍ á Keldnaholti í Reykjavík.

Verð: 52.000kr.

Staðfestingargjald: Staðfesta þarf skráningu með því að millifæra 7.500kr (óafturkræft) á reikninginn 0354-26-4237, kt. 411204-3590.

Skráningar: endurmenntun@lbhi.is (fram komi nafn, kennitala, heimili, sími og nafn námskeiðs) eða hafa samband í síma: 433 5033 / 433 5000

**Nánari upplýsingar um námskeiðin má finna [hér](#) og skráning á námskeiðin er [hér](#).
Einnig má skrá sig í síma 433 5000**

Haft verður samband við þátttakendur nokkrum dögum áður en námskeið hefst og þeir beðnir um staðfesta þátttöku. Eftir að námskeið hefst er greiðsluseðill sendur til greiðanda. Vinsamlegast athugið að ef skráður þátttakandi hættir við að sitja námskeið, en hefur ekki tilkynnt forföll með formlegum hætti til endurmenntunardeildar LBHÍ **áður en námskeið hefst**, eða hættir eftir að námskeið er hafið, þá mun LBHÍ innheimta 50% af námskeiðsgjaldi. Ef biðlisti er á námskeiðinu, mun námskeiðsgjaldið innheimt að fullu.

Hvanneyri - 311 Borgarnes - sími: 433 5000 fax: 433 5001 - netfang: lbhi@lbhi.is
Reykir – 801 Hveragerði, sími: 433 5303 fax 433 5309 – heimasíða: www.lbhi.is/namskeid

**Tölvupóstur þessi er sendur út með fyrirvara um allar breytingar
Ef þú vilt láta afskrá þig af póstlista LbhÍ þá vinsamlegast láttu vita [hér](#).**